

Brjef landshöfðingja til beggja amtmannanna um 3. lið 17. greinar í tilsk. 53
 25. 1869 um skrásetning skipa. — Eptir fyrirlagi ráðgjafans, skal jeg hjermeð þjónustusamlega 31. marz. skora á yður, herra amtmaður, að leiða athygli lögreglustjóranna í umdæmi yðar að því, að þegar skip, sem er í innanríkishöfn og skrásett er sem dönsk eign, eða partur í því, fyrir fullt og allt eða með skilyrði verður utanríkiseign annaðhvort við opinbert uppboð eða við það, að það er lagt út sem arfur á opinberum skiptum, þá ber lögreglustjóra, samkvæmt 3. lið 17. greinar í tilskipun handa Íslandi um skrásetning skipa frá 25. júní 1869, að gefa skrásetningarstofunni í tollumdæmi því, er skipið er í, skriflega skýrslu um það, að skipið sje orðið utanríkiseign, og eiga sönnunarskjöl skipsins (mælingarbrjefið eða þjóðernis- og skrásetningarskýrteinið) að fylgja með skýrslunni. Sje ekki auðið að senda nefnd skýrteini eða lögreglustjóri álit, að fresta beri að senda þau, skal hlutaðeigandi skrásetningarstofu skýrt frá, hverjar ástæður sjeu til þess.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu um þýðingu hleðsluskjalanna við innheimtu vinfangatollsins. 54
 andi hefur, jafnframt því að senda mjer eptirrit af úrskurði, lögðum á tollreikning Suðurmúlasýslu 1880, með árituðum svörum, getið þess, að reikningshaldarinn hafi ekki fullnægt 1., 3., 4., og 5. grein úrskurðar þessa, og með því að hann hafi í þessum atriðum reiknað tollinn af minni vöruupphæð, en talin var á tollseðlum hlutaðeigandi skipa, án þess að rannsókn sú hafi farið fram, sem til þess hefði verið nauðsynleg, að víkja hefði mátt frá tollseðlinum við innheimtu hins umrædda gjalds, sjá tilsk. 26. febr. 1872, 2. og 3. gr. sbr. lög 11. febr. 1876, 2. og 3. gr., og honum þó hafi verið innan handar að nota kyrrsetningar og sölurjett þann, er reikningshaldara er heimilaður í 7. gr. tilsk. 26. febr. 1872 til að ná inn gjaldinu, þá hefur hann lagt það til, að reikningshaldara verði uppálagt að standa sjálfur ábyrgð á því, sem vanheimt hefur orðið, og greiða það sem fyrst í landssjóð, án þess nauðsynlegt sje, eins og reikningshaldarinn virðist ætlast til, að höfða mál gegn hlutaðeigandi gjaldendum af hálfu hins opinbera.

Með því að jeg nú verð að fallast á þessa tillögu endurskoðanda, þá vil jeg hjermeð, um leið og jeg sendi yður fyrnefnt eptirrit með árituðum svörum reikningshaldara, þjónustusamlega skora á yður, herra amtmaður, að gjöra nauðsynlegar ráðstafanir til þess, að sýslumaðurinn í Suðurmúlasýslu fullnægi hinum hjerumrædda úrskurði í öllum atriðum.

Eptirritið óskast endursent ásamt skýrslu um, hvernig úrskurðinum hafi verið fullnægt.

Brjef landshöfðingja til stiðsyfirvaldanna yfir Íslandi um skoðunargjörð á Hallormsstaðarskógi. 55
 Í þóknanlegu brjefi, dagsettu 26. f. m., hafa hin heiðruðu 28. apríl. stiðsyfirvöld farið þess á leit, að greiddur verði úr landssjóði kostnaðurinn við skoðunargjörð, er eptir skýrslu hlutaðeigandi prests og prófasts megi álitast nauðsynlegt að láta fram fara á Hallormsstaðarskógi og sjerstaklega á hinum svonefnda Flataskógi, til þess að fengizt geti álit manna, er þará beri skyn, um það, að hve miklu leyti, og á hvern hátt tiltækilegast sje að vernda skóg þenna, sem tjáist vera orðinn mjög illa á sig kominn af kali og fúa í viðinum, frá frekari skemmdum.

7. d. júnímán. 1884.